

Stjórnmálasamskipti í Austur

Umsjón: **Utanríkisráðuneytið.**

Bókarheiti: **Opinber tengsl Íslands við Sovétríkin/Rússland 1943-2008.**

Skjöl.

Gagnrýnandi: **Kjartan Emil Sigurðsson**, stjórnmálafræðingur.

Útgáfa: Sögufélag. **Gefið út að tilstuðlan Utanríkisráðuneytisins í tilefni af 70 ára afmæli stjórnmálasambands Íslands og Rússlands. Reykjavík, 2013. 464 bls.**

Í umsögn gagnrýnanda kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Hér er einkum um að ræða uppflettirit og heimildaútgáfu. Sérfræðingum um utanríkismál mun nýtast vel að hafa hér á einum stað skjöl sem gagnast í fræðilegu starfi og við rannsóknir. Fyrir áhugamenn um utanríkismál getur á köflum verið áhugavert að rýna í einstök skjöl, einkum þó sendibréf þar sem stjórnmál og hefðbundin utanríkismál eru reifuð. Hið síðarnefnda gefur nokkra innsýn inn í stjórnmálin á hverjum og einum tíma, sem um ræðir.”

Skjöl sem birtast í bókinni eru einkum þrenns konar. Í fyrsta lagi skjöl stjórnmálalegs eðlis. Í þeim er fjallað um hefðbundin utanríkismál svo sem öryggis- og varnarmál. Í öðru lagi skjöl er varða utanríkisviðskipti sem kalla má Austurveiðskipti Lýðveldisins Íslands. Í þriðja lagi menningarsamskipti af ýmsu tagi.

Þegar flett er í gegnum skjölin kemur í ljós að þau endurspeglar stjórnmálin á hverjum tíma. Þannig er töluvert fjallað um ákvörðun vinstristjórnar Hermanns Jónassonar og ályktun Alþingis þar um að reka bandaríska varnarliðið á brott frá landinu. Auðsýnt er að Kremlarherrar höfðu umtalsverðan áhuga á því að það gengi eftir. Þannig voru íslenskum ráðamönnum send skilaboð um jákvæðar afleiðingar af brotthvarfi varnarliðsins frá landinu í samræmi við framangreinda ályktun Alþingis. Í stórum dráttum má því segja að skjölin séu rakning á sögu stjórnmálasamskipta ríkjanna sín í milli auk kurteisiskveðja og heillaóska af ýmsu tilefni.

Það stingur samt í stúf hve sjaldan Ráðstjórnin (sbr. Ráðsstjórnarríkin) tekur upp við íslensk stjórnvöld ástand heimsmála og vigbúnaðarkapphlaup risaveldanna, Sovét-



ríkjanna og Bandaríkjanna. En af skjölum má einnig ráða að íslenskir ráðamenn virðast ekki hafa fundið hjá sér þörf að bregðast við í þeim efnum.

Alkunna er að Ísland átti í Austurveðurskiptum í kalda stríðinu og það við Sovétríkin. Forseti Bandaríkjanna, Dwight D. Eisenhower, hafði af þessu áhyggjur og lagði til að Bandaríkin keyptu upp allan fiskútflutning Íslands með dollurum. Sem kunnugt er fóru Austurveðurskiptin fram með vöruskiptum. Undir lok sjötta áratugarins telur Jóhannes Nordal að Ísland hafi staðið frammi fyrir tveimur kostum: frjálsræðis í veðurskiptum líkt og gerðist síðan með Viðreisnarstjórninni; eða að taka upp áætlunarbúskap og vöruskipti Austurblokkarinnar í æ ríkara mæli. Gylfi Þ. Gíslason sem var utanríkisveðurskiptaráðherra og menningarmálaráðherra í sextán ár hallaðist að auknu frelsi í veðurskiptum og sú varð raunin. Telur Gylfi raunar að Hermann Jónasson formaður Framsóknarflokksins hafi líka viljað taka upp frelsi í veðurskiptum sem viðreisnin boðaði enda vinstristjórn Hermanns kominn í öngstræti þegar hún lét af völdum.

Öflug menningarsamskipti voru á milli Íslands og Sovétríkjanna í kalda stríðinu eins og kemur fram í bókinni. Íslenskir sósíalistar voru í nánum samskiptum við Kreml og er drepið á það í skýrslu sendiherra Íslands í Moskvu heim í utanríkisráðuneytið. Þannig kemur fram að Einar Olgeirsson og eiginkona hans, auk Brynjólfs Bjarnasonar og fleiri, fóru í austurveg á hressingarhæli líklega við Svartahafið.

Eftir að Rússland tekur við af Sovétríkjunum er ljóst að samskipti ríkjanna minnka. Austurveðurskiptin leggjast af og minna er um það að menningarsamskipti séu sett í forgang. Þannig virðist þau einkum felast í að skiptast á heillaóskaskeytum, auk þess að borgarastyrjöldin og átökin á Balkanskaga eru í forgrunni.

Í byrjun ritsins er ávarp frá utanríkisráðherrum Íslands og Rússlands. Íslenska utanríkisráðherranum tekst að klúðra þeim texta sem honum er falið að skrifa með eftirfarandi: “Það var okkur tiltölulega óharðnaða (svo!) ríki mikils virði að Sovétríkin sýndu okkur þá viðurkenningu og virðingarvott sem felst í upptöku stjórnmalasambands.” Hvað hér er átt við er hulin ráðgáta.

Hér er einkum um að ræða uppflettirit og heimildaútgáfu. Sérfræðingum um utanríkismál mun nýtast vel að hafa hér á einum stað skjöl sem gagnast í fræðilegu starfi og við rannsóknir. Fyrir áhugamenn um utanríkismál getur á köflum verið áhugavert að rýna í einstök skjöl, einkum þó sendibréf þar sem stjórnmal og hefðbundin utanríkismál eru reifuð. Hið síðarnefnda gefur nokkra innsýn inn í stjórnmalin á hverjum og einum tíma, sem um ræðir.